

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1910.

Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til brezku nýglendnanna Fidjiejanna og Mauritius, undirskrifuð af konungi 25. febrúar 1910 (A nr. 1, bls. 2—3).

Auglýsing um kirkjugjald í Stðumúlasókn, Fitjasókn og Búðasókn, undirskrifuð af ráðherra 21. febrúar 1910 (A nr. 2, bls. 4—5).

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um flutning þing- 32
staðar. 15. marz

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dagsettu 14. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Vestur-Landeyjahreppi, veitir stjórnarráðið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sé fluttur frá Eystra-Fíflholti á svonefndan Fljótstanga í Forsætislandi, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghalda, svo og við húsið nægilega stórt skýli fyrir hesta.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf stjórnarráðsins til h/f. P. J. Thorsteinsson & Co. um innflutning á hrossum. 33

Eftir móttöku bréfs félagsins, dags. 8. nóvember f. á., þar sem farið er fram á, að stjórnarráðið veiti leyfi til að flytja megi fimm hross frá útlöndum til Viðeyjar, hefir stjórnarráðið, samkvæmt tillögum dýralæknis og ákvæðum laga nr. 56, 10. nóvbr. 1905, ákveðið, að veita hið umbeðna leyfi með þeim skilyrðum, er hér segir:

- 1) að hestarnir séu fluttir frá Danmörku og þeim fylgi vottorð lögskipaðs dýralæknis um að þeir séu lausir við alla næma sjúkdóma og hafi ekki verið í sýkingarhættu af snífi,
- 2) að þeir verði rannsakaðir hér af dýrlækni og reynist heilbrigðir,
- 3) að þeir verði fluttir beint til Viðeyjar og komi hvergi annarstaðar á land á Íslandi, og